

Fagráð í hrossarækt

88. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, mánudaginn 9. maí 2019 kl. 11:00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Siguroddur Pétursson, Sveinn Ragnarsson, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Hulda Gústafsdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson og Þorvaldur Kristjánsson. Erlendur Árnason og Ingunn Reynisdóttir komust ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
 2. Dómskalinn - umræður
 3. Aðkoma kynbótahrossa að Landsmóti 2020
1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
 2. Sveinn Steinarsson og Þorvaldur fóru í fundarferð í vetur og kynntu hugmyndir að breyttum ræktunarmarkmiðum og dómskala. Það var góð mæting í heildina á fundina og góðar umræður sköpuðust. Sveinn ritaði fundargerð á fundunum og hérna eru helstu umræðupunktur sem voru ræddir á fundunum og fagráð þarf að taka afstöðu til:
 - Kröfur til gæða á hægu tölti (þröskuldar): hugmyndin var að gera auknar kröfur til gæða á hægu tölti og þrengja þröskuldana þannig að það megi að hámarki muna 0.5 í einkunn fyrir tölt og hægt tölt (og þannig auka vægi hæga töltsins í aðaleinkunn). Í dag má muna 1.0 í einkunn. Það sem kom til umræðu var hvort þetta sé of bratt að þrengja þröskuldana í 0,5. Það er spurningin að halda sig við þessa hugmynd enda segja gæði á hægu tölti mikið til um kynbótágildi gripsins. Einnig má skipta þessu upp þannig að upp í 8,5 í einkunn megi muna 1.0 en frá og með 9.0 megi einungis muna 0.5 (gera þar með einungis auknar kröfur til úrvalseinkunna, 9,0 og herra). Það var niðurstaða fagráðs að fara seinni leiðina og gera auknar kröfur til hæga töltsins þegar úrvalseinkunnir eru gefnar en hafa opna leið í skalanum að geta gefið t.d. 8.5 fyrir tölt með hægu tölti sem fær 7.5 í einkunn en jafnframt að skilgreina það betur í skalanum í hvaða tilvikum það er hægt.
 - Tengt þessu atriði kom einnig til umræðu hvort það ætti að fara sömu leið með töltið og stökk/hægt stökk og skilgreina hægt tölt sem sér eiginleika með sér vægi. Það var niðurstaða fagráðs að það væri ekki fær leið þar sem tölt, á hvaða hraðastigi sem það væri metið, væri miklu meira samhangandi eiginleiki og skýrt ræktunarmarkmið að rækta fram hest sem byggi yfir gæðum á öllum hraðastigum á tölti.
 - Hvað töltið varðar höfðu sumir áhyggjur af klárhrossum þegar kemur að verkefninu að sýnt sé fram á að hesturinn haldi jafnvægi á gangteguninni þegar greinilega losað er um tauminn. Þetta er náttúrulega afar gott verkefni til að sýna fram á jafnvægi hestsins á gangteguninni og það er ástæðan fyrir hugmyndinni að bæta þessu verkefni við fyrir einkunnir 9.0 og herra. En sumir höfðu áhyggjur af því að þetta væri ósanngjarnt verkefni fyrir suma gerð klárhrossa (t.d. CA hrossa) og ung hross.

Það var niðurstaða fagráðs að halda þessu verkefni inni í skalanum af fyrrgreindum ástæðum.

- Vilji og geðslag – heiti eiginleikans. Það er spurning hvort vilji og geðslag sé of víðfeðmt heiti þar sem marga þætti geðslagsins er ekki hægt eða erfitt að meta af öryggi með sjónmati. Þetta er í raun afmarkaðri eiginleiki en það þar sem það er fyrst og fremst verið að meta vilja hestsins, þjálni hans sem er svörun hestsins við ábendingum knapans (taumsamband, hvernig gangskiptingar ganga fyrir sig, niðrhægingar, viðsnúningar á brautarendum o.s.frv.) og spennustig í sýningunni. Það er því spurning hvort skýra ætti eiginleikann upp á nýtt og kalla hann t.d. samstarfvilja.
Það var álit fagráðs að það væri góð hugmynd og ætlunin er að gera það í nýjum skala. Einnig var niðurstaðan að gefa skýrari skilaboð um það ef vart verður við sjónhræðslu í sýningunni.
- Mismunandi kröfur eftir aldri. Þær kröfur sem hugmyndin er að gera mismunandi eftir aldri í nýja dómskalanum eru styttra sprettfæri á skeiði og greiðu stökki (4 vetra hross), minni kröfur til útfærslna á hægu tölti og stökki (hvað vegalengd varðar og hraða – 4 og 5 vetra hross) og einnig að leyfa 1.0 í mun á milli einkunnna á tölti og hægu tölti upp allan dómskalann (ekki jafn þröngir þröskuldar - 4 vetra hross).
Fagráð er á því að þetta sé á réttri leið.
- Vægi eiginleikanna – það voru ýmsar pælingar með þær breytingar á vægistuðlum sem kynntar voru. Fagráð fór yfir fyrirliggjandi hugmynd að vægistuðlum sem var kynnt á fundarferðinni og sjá má í fundargerð fagráðs frá 28 janúar 2019.
Niðurstaðan var sú að í stað þess að hækka vægi á þrúðleika um 0,5%, að hækka vægið frekar á bak og lend enn frekar þannig að sá eiginleiki vegi 5,5% í stað 5,0% og þrúðleikinn vegi áfram 1,5%.
- Viðmið á hægu stökki – alhliða hross vs. klárhross. Það kom til umræðu á nokkrum fundum að með hækkun á vægi stökks og skilgreiningu á hægu stökki sem sér eiginleika þyrfti að huga að þeim viðmiðum sem eru til grundvallar við mat á hægu stökki þannig að hæga stökk klárhestsins (CA hestsins) sé ekki eina ræktunarmarkmiðið.
Það var einmitt markmiðið í nýjum skala að skilgreina ræktunarmarkmiðið betur hvað þennan eiginleika varðar. Í nýjum skala er lagt upp úr réttri líkamsbeitingu á hægu stökki þannig að hesturinn sé að ganga í gegnum sig og stökkva af mýkt, framhár með hvelfda yfirlínu. Í skalanum er talað um að til úrvalseinkunnna þurfi hesturinn að vera takthreinn á hægu stökki og búa yfir svifi. Jafnframt eru mismunandi leiðir til úrvalseinkunnna einmitt hvað svifið varðar sem ætti að leyfa mismunandi hestgerðum sem stökkva af mismunandi gæðum á hægu stökki að ná 9,0 og hærri fyrir hægt stökk.
- Bak og lend – það kom til umræðu hvort skipta ætti bak og lend upp í tvo eiginleika; dæma bakið sér og lendina sér.
Fagráði fannst það vel koma til greina í framtíðinni enda eykur það enn á upplýsingargildi dómsins og einfaldar að mörgu leyti dómstörf. Það var engu að síður niðurstaðan að halda sig við að dæma bak og lend sem einn eiginleika á þessu stigi málsins.
- Sprettfærið – það er spurning hvort við ættum að stytta sprettfærið til framtíðar. Völlurinn er þannig uppsettur í dag að heildarlengd hans er 250 metra og 150 metrar eru skilgreindir sem það sprettfæri þar sem mat á gangtegununum fer fram (svo er 100 metrar merktir í miðju brautar fyrir

sýningu á feti, hægu tölti og stökki). Spurning er hvort ætti að stytta 150 metra sprettferið, það gæti verið sniðugt til framtíðar þegar við erum að bæta inn verkefnum í dóminn þannig að knapar geti nýtt allar 10 ferðirnar án þess að vart verði við of mikla þreytu í lok sýningar.

Fagråd var á því að þetta væri hugsanlega óþarfi en væri gott að taka þetta til skoðunar eftir þrjú dómum sem ætlunin er að framkvæma í vor þar sem breytt útfærsla á reiðdómnum samkvæmt nýjum dómskala er prófuð.

- Prúðleiki – kröfur til úrvalseinkunna. Það var rætt á fundarferðinni hvort kröfur til úrvalseinkunna fyrir prúðleika væru of miklar, hvort ræktunarmarkmiðið gerði of miklar kröfur til þessa eiginleika; mjög mikill prúðleiki þyngdi yfirbragð hestsins og einnig spurning hvort afar mikill prúðleiki hefði neikvæð áhrif á velferð hestsins í sumum tilvikum.

Þetta hefur verið rætt í fagráði og niðurstaðan að gera heldur minni kröfur til úrvalseinkunna en nú er gert og leyfa þar af leiðandi meiri breytileika í einkunum 9,5-10.

- Munu breytingarnar draga úr mætingu yngstu hrossanna til dóms? – þetta kom til umræðu vegna hinna ýmsu verkefna sem hugmyndin er að bæta við reiðdóminn.

Fagråd var á því að svo verði ekki ef það næst að skilgreina mismunandi kröfur eftir aldri á farsælan hátt í nýjum dómskala.

3. Aðkoma kynbótahrossa að landsmóti 2020.

Sveinn Steinarsson og Þorvaldur áttu fund með undirbúningsnefnd Landsmóts 2020 á Hellu á dögunum og þar voru reifaðar hugmyndir um kynbótahrossin á LM. Það er vilji mótshaldara að prófa nýjar úfærslur á sýningu kynbótahrossa til þess að létta dagskrána og gera hana áhorfendavænni. Það sem var t.d. rætt um var að sameina yfirlitssýningar og verðlaunaveitingar; skipta jafnvel yfirlitssýningum meira upp og koma þeim fyrir á góðum tímum í dagskránni og hafa þá verðlaunaveitingar í framhaldinu. Þetta kemur til greina að mati fagráðs að því gefnu að yfirlitssýningarnar séu á góðum tíma í dagskránni og það sé ekkert annað í gangi á meðan á mótinu. Gallinn við þetta sé hins vegar sá að þetta sé hugsanlega full mikil dagskrá í einu fyrir hrossin og þau verði orðin full þreytt þegar kemur að verðlaunaveitingunum sem eru einn af hápunktum mótsins hvað kynbótahrossin varðar. Einnig er spurning um tímann sem líður á milli yfirlits og verðlaunaveitinga, að hann verði kannski full knappur fyrir knapa sem eru með fleiri en eitt hross í efstu sætum.

Þá var einnig var rætt um það hvort dæma ætti alla flokka á mótinu eða kynna jafnvel ákveðna flokka og verðlauna þá á grunni einkunna vorsins. Þar var helst rætt um flokka elstu kynbótahrossanna; 7 vetra og eldri hryssur og stóðhesta – þetta væru hross sem væri búið að dæma endurtekið, hefðu jafnvel komið á Landsmót áður og það væri kannski áhugavert að prófa það að setja upp flotta sýningu á þessum hópum þar sem þau kæmu til kynningar á góðum tíma í dagskrá og yrðu svo verðlaunuð á grunni einkunna vorsins. Einnig var rætt um það hvort fara ætti þessa leið með fjögurra vetra hryssur. Fagråd var á því að kynbótageirinn væri búinn að stíga farsæl skref undanfarið hvað varðar aðkomu kynbótahrossanna að Landsmótum. Búið er að fækka kynbótahrossum á síðastliðnum tveimur mótum og það þurfi að passa vel að kynbótahrossin fái góða sýningarglugga á mótinu, bæði á yfirlitssýningum og verðlaunaveitingum. Það komi til greina að prófa breytta úrfærslu á aðkomu elstu flokka kynbótahrossanna á landsmótinu eins og að ofan er greint frá en það þurfi að skoða það betur með að sameina yfirlitssýningar og verðlaunaveitingar hvað varðar tímasetningar í dagskrá og með hag hrossanna í huga.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 15:00

Við þennann: Þorvaldur Kristjánsson